



SKÁKSAMBAND
STOFNAD 1925
ÍSLANDS

Skáksamband Íslands

Ársreikningur 2022

Skáksamband Íslands
Kt. 580269-5409
Pósthólf 8354
128 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forseta	3
Skýrsla óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar með ársreikningi	9

Skýrsla og áritun stjórnar og forseta

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er hann í meginatriðum gerður eftir sömu aðferðum og árið áður.

Tap ársins nam 897.997 kr. Heildareignir 31. desember 2022 námu 74.376.625 kr. og eigið fé á sama tíma var jákvætt um 69.352.583 kr.

Tap ársins er fært til lækkunar á eigin fé félagsins samanber skýringar með ársreikningi. Endurmat fasteignar í samræmi við fasteignamat nam 7,1 millj. kr. á árinu 2022.

Einn starfsmaður starfaði hjá Sambandinu á árinu 2022 eins og árið áður. Stjórn þáði ekki greiðslur fyrir störf sín.

Stjórn og forseti Skáksambands Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30.5.2023

Gunnar Björnsson

Jóhanna Björg Jóhansd.
Þorsteinn Stefánsson

Stefán Steingrímur Bergsson

Kristófer Guðis

Þorsteinn Magnússon

Hjartur M. Müller

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og forseta Skáksambands Íslands

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Skáksambands Íslands („sambandsins“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sambandsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sambandinu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forseta á ársreikningnum

Stjórn og forseti eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forseta að leggja mat á rekstrarhæfi sambandsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sambandið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og forseti skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

Áritun endurskoðanda, frh.:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sambandsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sambandið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 30.5.2023

KA endurskoðun sf.



Kjartan Arnfinnsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Tekjur:			
Styrkir, mótsgjöld, aðildargjöld og aðrar tekjur	4-5	112,121,255	73,319,176
Vaxtatekjur og gengishagnaður		79,829	194,434
		<u>112,201,084</u>	<u>73,513,610</u>
Gjöld:			
Kostnaður við skákstarfsemi	4-5	90,211,676	46,940,596
Laun og launatengd gjöld	3	13,666,953	14,117,399
Rekstur húsnæðis	6	2,710,372	2,679,794
Annar rekstrarkostnaður	7	6,293,458	7,220,862
Afskriftir	8	95,938	119,922
Vaxtagjöld, bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur		120,684	105,984
		<u>113,099,081</u>	<u>71,237,240</u>
(Tap) hagnaður ársins	8	<u>(897,997)</u>	<u>2,276,370</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Rekstrarfjármunir			
Fasteign		71,350,000	64,300,000
Áhöld og tæki		383,752	479,690
	8	<u>71,733,752</u>	<u>64,779,690</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		1,904,905	1,808,303
Vörubirgðir		561,222	561,222
Handbært fé	2	176,746	974,692
		<u>2,642,873</u>	<u>3,344,217</u>
Eignir samtals		<u>74,376,625</u>	<u>68,123,907</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Uppsafnaður hagnaður og endurmat fasteignar		69,352,583	63,200,580
	10	<u>69,352,583</u>	<u>63,200,580</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		636,781	544,636
Fyrirfram innheimtar tekjur	9	4,000,000	4,000,000
Aðrar skammtímaskuldir		387,261	378,691
		<u>5,024,042</u>	<u>4,923,327</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>74,376,625</u>	<u>68,123,907</u>
Eignir og skuldir utan efnahagsreiknings	12		

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins		(897,997)	2,276,370
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		95,938	119,922
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		4,113	(9,606,704)
Handbært fé (til rekstrar)		<u>(797,946)</u>	<u>(7,210,412)</u>
Breyting handbærs fjár á árinu		(797,946)	(7,210,412)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>974,692</u>	<u>8,185,104</u>
Handbært fé í árslok		<u>176,746</u>	<u>974,692</u>

Skýringar með ársreikningi

Starfsemi

- Skáksamband Íslands er landsamband íslenskra skákfélaga. Samkvæmt lögum félagsins eru markmið þess:
 - Að vera samtakaheild og yfirstjórn allra skákfélaga á Íslandi.
 - Að efla íslenska skáklist og standa vörð um hagsmni íslenskra skákmanna innan lands og utan.
 - Að efla og treysta samskipti sambandsfélaganna innbyrðis.
 - Að greiða fyrir samskiptum við skákmenn annara þjóða.

Reikningsskilaaðferðir

- Ársreikningur Skáksambands Íslands fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur að því undanskyldu að fasteign sambandsins er ekki afskrifuð með kerfisbundnum hætti.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreglu og er gerður í íslenskum krónum.

Tekjur eru færðar þegar skilyrði fyrir framlögum eru uppfyllt og þjónusta hefur verið innt af hendi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Allur kostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til, óháð greiðslu.

Áhöld og tæki eru færð á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Fasteign er endurmetin árlega í samræmi við fasteignamat. Fasteign er ekki afskrifuð.

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

Starfsmannamál

- Einn starfsmaður starfaði hjá sambandinu á árinu 2022, laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2022	2021
Laun og aðkeypt þjónusta	9,791,010	10,758,950
Annar starfsmannakostnaður	3,875,943	3,358,449
	<u>13,666,953</u>	<u>14,117,399</u>

Skýringar með ársreikningi

Tekjur og gjöld vegna starfsemi sambandsins

4-5. Tekjur og gjöld vegna starfsemi Skásambandsins greinast þannig:

Innlent	2022			2021
	Tekjur	Gjöld	Niðurstaða	Niðurstaða
Afmælishátíð einvígis aldarinnar	52,000,000	51,654,783	345,217	0
Reykjavíkurskák mótið	15,805,899	14,170,497	1,635,402	1,689,528
Íslandsmót skákfélaga	2,741,000	2,982,869	(241,869)	0
Ýmis Íslandsmót	2,194,150	3,683,516	(1,489,366)	(1,519,699)
Ólympíuskák	800,000	5,767,800	(4,967,800)	0
Íslandsmót unglunga	611,500	846,864	(235,364)	(1,243,245)
Skák í skóla	0	441,268	(441,268)	(52,041)
Íslandsbikar	0	0	0	(972,719)
Önnur mót	0	0	0	386,090
	<u>74,152,549</u>	<u>79,547,597</u>	<u>(5,395,048)</u>	<u>(1,712,086)</u>

Erlent

Landsliðsverkefni	163,400	213,828	(50,428)	(1,018,611)
EM landsliða	0	535,318	(535,318)	(2,747,669)
HM/EM ungmenna	4,839,260	6,676,187	(1,836,927)	(1,460,096)
Ýmis norðurlandamót	1,254,516	2,636,391	(1,381,875)	153,792
Erlent skáksamstarf	0	602,355	(602,355)	(430,384)
	<u>6,257,176</u>	<u>10,664,079</u>	<u>(4,406,903)</u>	<u>(5,502,968)</u>

Aðrar tekjur

	2022	2021
Rekstrartekjur af fjárlögum	26,500,000	26,100,000
Aðildargjöld	1,175,933	830,356
Styrkur frá Reykjavíkurborg í formi niðurfellingar fasteignagjalda	1,048,025	1,017,500
Húsaleigutekjur	900,000	900,000
Þjónustusamningur - Skákskólinn	720,000	720,000
Vörusala	242,642	2,579,842
Aðrar tekjur	1,124,930	1,545,433
	<u>31,711,530</u>	<u>33,693,131</u>

Skýringar með ársreikningi

Húsnæðiskostnaður

6. Rekstrarkostnaður húsnæðis greinist þannig:

	2022	2021
Fasteignagjöld og lóðarleiga	1,048,025	1,017,500
Rekstur sameignar	406,755	458,100
Ræsting	626,760	703,178
Viðhald á fasteign	8,940	50,922
Rafmagn, hiti, fráveita	342,698	274,405
Vátryggingar	277,194	175,689
	<u>2,710,372</u>	<u>2,679,794</u>

Annar rekstrarkostnaður

7. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

	2022	2021
Gjaldfærð áhöld, tæki og hugbúnaður	1,132,392	3,830,184
Endurskoðun og reikningsskil	1,896,654	1,909,907
Rekstur tölvukerfis	487,442	301,615
Skák.is heimasíða og fréttabréf	720,000	720,000
Akstur	108,961	78,685
Sími og burðargjöld	131,284	256,336
Rekstur skrifstofutækja	53,890	103,766
Pappír, prentun, ritföng og tímarit	566,038	88,695
Ferðakostnaður	(14,034)	59,984
Annar kostnaður	254,821	65,983
Risna	107,330	5,300
Gjafir og styrkir	722,510	0
Funda og viðskiptakostnaður	126,170	172,067
Birgðabreyting ársins	0	(371,660)
	<u>6,293,458</u>	<u>7,220,862</u>

Skýringar með ársreikningi

Varanlegir rekstrarfjármunir

8. Breyting varanlegra rekstrarfjármuna á árinu greinist þannig:

	Fasteign	Áhöld og tæki	Samtals
Staða í ársbyrjun.....	64,300,000	479,690	64,779,690
Endurmat ársins.....	7,050,000		7,050,000
Afskrifað á árinu.....		(95,938)	(95,938)
Staða í árslok.....	<u>71,350,000</u>	<u>383,752</u>	<u>71,733,752</u>

Fasteign sambandsins er ekki afskrifuð heldur er hún færð miðað við fasteignamat í lok árs. Endurmatsbreyting ársins er færð beint á eigið fé. Áhöld og tæki eru afskrifuð árlega um 25% af bókfærðu verði.

Fyrirfram innheimtar tekjur

9. Fyrirfram innheimtar tekjur eru sundurliðaðar hér að neðan. Um er að ræða styrki vegna verkefna sem

Sigtryggssjóður.....	<u>4,000,000</u>
	<u>4,000,000</u>

Eigið fé

10. Yfirlit um hreyfingar á eiginfjárreikningum:

Eigið fé í byrjun árs.....	63,200,580
Rekstrarafgangur ársins.....	(897,997)
Endurmat fasteignar.....	<u>7,050,000</u>
Eigið fé í lok árs.....	<u>69,352,583</u>

Skattamál

11. Félagið er almennt félag og stundar ekki atvinnurekstur. Það er því undanþegið tekjuskatti. Félagið greiðir fjármagnstekjuskatt af eignatekjum.

Skuldbindingar

12. Á fasteign félagsins hvílir tryggingarbréf til tryggingar á yfirdráttarláni sem í lok árs 2022 er ekki nýttur.

Skýringar með ársreikningi

Styrktarsjóður Skáksambandsins

13. Seint á árinu 2020 var stofnaður sérstakur styrktarsjóður Skáksambandsins. Honum er ætlað að styrkja skákmenn til að sækja skákmót erlendis og góð verkefni innanlands með sérstakri áherslu á æskulýðs-, kvenna- og landsbyggaðarstarf. Árleg áskriftargjöld Skáksambandsins renna alfarið í styrktarsjóðinn. Í bókhaldi Skáksambandsins er rekstur og efnahagur styrktarsjóðsins sérgerindur og haldið utan efnahags sambandsins í ársreikningi.

Rekstur og efnahagur sjóðsins greinist þannig:

Rekstur:	2022	2021
Styrkir og framlög til sjóðsins	1,722,153	1,513,000
Veittir styrkir úr sjóðnum	(1,570,000)	(1,180,010)
Vaxtatekjur	2,234	429
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur	(125,923)	(293,063)
Rekstarafkoma	<u>28,464</u>	<u>40,356</u>
	31/12/2022	31/12/2021
Efnahagur:		
Krafa á Skáksambandið	0	50,000
Bankainnstæða	<u>878,031</u>	<u>799,567</u>
	<u>878,031</u>	<u>849,567</u>
Eigið fé	<u>878,031</u>	<u>849,567</u>

Skýringar með ársreikningi

Aðildarfélög Skáksambands Íslands

14. Aðildarfélög Skáksambandsins eru þessi:

Kátu biskuparnir
Skákdeild Breiðabliks
Skákdeild Fjölnis
Skákdeild Hauka
Skákdeild KR
Skáklfélag Akureyrar
Skáklfélag Djúpavogs
Skáklfélag eldri borgara (Æsir)
Skáklfélag Íslands
Skáklfélag Siglufjarðar
Skáklfélag Sauðárkróks
Skáklfélag Selfoss og nágrennis
Skáklfélagið Ósk
Skáklgengið
Skáksamband Austurlands
Tafffélag Blönduóss
Tafffélag Garðabæjar
Tafffélag Kópavogs
Tafffélag Reykjavíkur
Tafffélag Snæfellsbæjar
Tafffélag Vestmannaeyja
Vinaskáklfélagið
Víkingaklúbburinn
Hrókar alls fagnaðar



Skákskóli Íslands

Ársreikningur 2022

Skákskóli Íslands
Kt. 510191-1459
Faxafen 12
108 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar	3
Skýrsla óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar með ársreikningi	9

Skýrsla og áritun stjórnar

Ársreikningur skólans fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er hann í meginatriðum gerður eftir sömu aðferðum og árið áður.

Tap ársins nam 2,0 millj. kr. Heildareignir 31. desember 2022 námu 3,9 millj. kr. og eigið fé á sama tíma var 3,3 millj. kr. Tap ársins er færður til lækkunar á eigin fé samanber skýringar með ársreikningi. Einn starfsmaður starfaði hjá skólanum á árinu 2022 eins og árið áður. Stjórn þáði ekki greiðslur fyrir störf sín.

Að áliti stjórnar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu skólans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn Skákskóla Íslands staðfestir hér með ársreikning hans fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. maí 2023

Stjórn

Jóhanna Björg Jóhannsd.
Róskinn Stefánsson

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Skáksskóla Íslands

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Skáksskóla Íslands („skólans“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu skólans 31. desember 2022 og afkomu og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð skólanum í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðis skyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forseta á ársreikningnum

Stjórn og forseti eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og forseta að leggja mat á rekstrarhæfi skólans og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa skólann upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Áritun endurskoðanda, frh.:

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits skólans.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi skólans. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert skólann órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík,

KA Endurskoðun sf.

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Framlag frá Ríkissjóði		11.000.000	10.800.000
Námskeiðsgjöld og aðrar tekjur		961.288	1.648.231
Vaxtatekjur		20.333	9.790
	2	<u>11.981.621</u>	<u>12.458.021</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	8.775.877	7.851.332
Greiðslur til kennara og annar námskeiðskostnaður		1.449.283	943.101
Skrifstofukostnaður	4	1.564.102	1.833.648
Húsaleiga		900.000	900.000
Kostnaður vegna móta		1.146.519	643.782
Afskriftir	5	49.748	62.185
Vaxtagjöld, bankakostnaður, fjármagnstekjuskattur		14.388	15.498
		<u>13.899.917</u>	<u>12.249.546</u>
		<u>(1.918.296)</u>	<u>208.475</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Áhöld og tæki		198.993	248.741
	5	<u>198.993</u>	<u>248.741</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		30.000	585.656
Krafa á Skáksamband Íslands		52.434	0
Handbært fé	2	<u>3.702.729</u>	<u>6.192.509</u>
		<u>3.785.163</u>	<u>6.778.165</u>
Eignir samtals		<u>3.984.156</u>	<u>7.026.906</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		3.442.090	5.360.386
	6	<u>3.442.090</u>	<u>5.360.386</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld við Skáksamband Íslands		0	1.062.551
Aðrar skammtímaskuldir		542.066	603.969
		<u>542.066</u>	<u>1.666.520</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.984.156</u>	<u>7.026.906</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins	6	(1.918.296)	208.475
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	49.748	62.185
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(621.232)	992.311
		<u>(2.489.780)</u>	<u>1.262.971</u>
Handbært fé frá rekstri			
Breyting handbærs fjár á árinu		(2.489.780)	1.262.971
Handbært fé í ársbyrjun		<u>6.192.509</u>	<u>4.929.538</u>
Handbært fé í árslok	2	<u>3.702.729</u>	<u>6.192.509</u>

Skýringar með ársreikningi

Starfsemi

1. Skákskóli Íslands er rekinn af Skáksambandi Íslands í samvinnu við mennta og menningarmálaráðuneytið skv. Lögum nr. 76/1990.

Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningur Skákskóla Íslands fyrir árið 2022 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreglu og er gerður í íslenskum krónum.reikningsskilareglur.

Tekjur eru færðar þegar skilyrði fyrir framlögum eru uppfyllt og þjónusta hefur verið innt af hendi.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Allur kostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til, óháð greiðslu.

Áhöld og tæki eru færð á kostnaðarverði að fráregnum afskriftum.

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

Starfsmannamál

3. Einn starfsmaður vann hjá Skákskólanum á árinu 2022, laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2022	2021
Laun	6.885.751	6.532.360
Annar starfsmannakostnaður	1.890.126	1.318.972
	<u>8.775.877</u>	<u>7.851.332</u>

Skrifstofukostnaður

	2022	2021
4. Skrifstofukostnaður sundurliðast þannig:		
Þjónustusamningur við Skáksamband Íslands	720.000	720.000
Sími og burðargjöld	334.249	359.919
Áhöld, tæki, bækur og tímarit	268.743	466.560
Fundir og risna	87.550	0
Auglýsingar	86.800	0
Pappír, prentun og ritföng	19.317	141.557
Rekstur tölvukerfis	27.908	98.897
Annar kostnaður	19.535	46.715
	<u>1.564.102</u>	<u>1.833.648</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Breyting varanlegra rekstrarfjármuna á árinu greinist þannig:

	2022	2021
Áhöld og tæki		
Staða í ársbyrjun	248.741	310.926
Afskrifað á árinu	(49.748)	(62.185)
Staða í árslok	<u>198.993</u>	<u>248.741</u>

Áhöld og tæki eru afskrifuð árlega um 20% af bókfærðu verði.

Skýringar með ársreikningi

Eigið fé

6. Yfirlit um hreyfingar á eiginfjárreikningum:	2022	2021
Eigið fé í byrjun árs	5.360.386	5.151.911
Afkoma ársins	(1.918.296)	208.475
Eigið fé í lok árs	<u>3.442.090</u>	<u>5.360.386</u>

Skattamál

7. Skólinn er almennt félag og stundar ekki atvinnurekstur og er því undanþeginn tekjuskatti. Skólinn greiðir fjármagnstekjuskatt af eignatekjum.